

Fundur fagráðs Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu 9. Febrúar 2022

Mætt: Örn Ragnarsson, Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Hulda Gestsdóttir, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir, Sigríður Sía Jónsdóttir, Pétur Heimisson, Ragnar Pétur Ólafsson, Oddur Steinarsson, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Íris Dröfn Björnsdóttir. Emil L. Sigurðsson.

Fundurinn haldinn á MS TEAMS

1. Gæðahandbók

Rætt var um mikilvægi þess að hafa eina miðlæga gæðahandbók fyrir heilsugæsluna. Einstaka stöðvar/stofnanir gætu síðan verið með sérstök skjöl og gögn sem væru aðeins fyrir þeirra starfsemi. Fram kom að aðgangur að gæðahandbók landsspítalans væri afar misjöfn en mikilvægt væri að tryggja að heilsugæslan hefði aðganga að þeirra skjölum enda um spítala allra landsmanna að ræða.

Ljóst er að um er að ræða afar umfangsmikið verkefni og sennilega þyrfti að ráða sérstakan starfsmann til þessa verkefnis. Árið 2019 var nokkur hreyfing á þessu máli hjá HH og kynning á þeim viðmótum sem í boði voru m.a. Sharepoint og CCQ.

HSN er með gæðahandbók sem notar Sharepoint og HSA hefur vísi að gæðahandbók en þó sérstaklega hvað varðar lyfjagjafir á heilsugæslustöðvum.

Bennt var á erlendar vefsíður eins og medicin.dk sem gagnlegt væri að skoða og kanna hvort væri hægt að nýta.

ÞÍH mun hefja vinnu við þetta verkefni.

2. Mönnunarskjal

Drög að mönnunarskjali var sent fundarmönnum til yfirlstrar fyrir fund.

Ábendingar komu fram varðandi vanmat á hlutverki hjúkrunarfræðinga, sérstaklega hvað varðar hjúkrunarfræðinga sem eru með móttökur á heilsugæslustöðvum úti á landsbyggðinni. Hallað væri á hjúkrunarfræðinga í fyrirliggjandi skjölum.

Forstöðumaður óskaði eftir aðstoð fagráðsfulltrúa sem þekktu til á því sviði við að bæta drögin hvað þetta varðar.

Athugasemdir voru gerðar við að frekari upplýsingar um hlutverk og verkþætti í störfum sálfræðinga, svo og mönnun á landsbyggðinni vantaði.

Bæta þurfi inn umfjöllun um heimahjúkrun og jafnframt þarf að taka tillit til þess þegar ný verkefni eru flutt til heilsugæslunnar sbr skimun fyrir leghálskrabbameini.

Mismunandi aðstæður og forsendur eru hvað varðar mönnun í þéttbýli og dreifbýli. Verkefni væru mismunandi t.d. hvað varðar áhættuáhættumeðgöngu.

Fram kom sú hugmynd að "flakkari" yrði ráðin í ákveðin tíma til að sinna frekari vinnu við þetta skjal. Forstöðumaður tók vel í það og óskaði eftir tilnefningu fagraðsfulltrúa hvað það varðar.

Ljóst að þetta skjal verður í stöðugri vinnslu.

3. Ársskýrslur

Gefnar hafa verið út ársskýrslur t.d. hvað varðar ung- og smábarnavernd á höfuðborgarsvæðinu.

Samhljómur var í fagraðinu um að vinna að því að slíkar ársskýrslur yrðu gerðar á landsvísu. Stefnt er að því að nálgast gögn frá öllum heilbrigðisstofnunum og getur aðferðarfræðingur ÞÍH aðstoðað kerfistjóra viðkomandi heilsugæslustöðva við að nálgast þau gögn.

4. Önnur mál

Anna Guðríður spurðist fyrir um vinnu sem er í gangi á ÞÍH varðandi fræðslu til foreldra barna sem eiga við offitu að stríða. Sú vinna er í gangi innan ÞÍH og er ekki lokið en verður aðgengileg fyrir alla heilsusæsluna þegar henni lýkur.

Ráðgert er að halda næsta fund fagraðsins í vor.

Fundargerð ritaði Emil L. Sigurðsson